158. löggjafarþing 2026–2027.
Þingskjal 15 — 15. mál.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um starfsemi stjórnmálasamtaka og lögum um tekjuskatt (framlög hins opinbera til stjórnmálastarfsemi).

Flm.: Diljá Mist Einarsdóttir, Bryndís Haraldsdóttir, Hildur Sverrisdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Jón Gunnarsson, Sigurður Örn Hilmarsson.

I. KAFLI
Breyting á lögum um starfsemi stjórnmálasamtaka, nr. 162/2006.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað „12 millj. kr.“ í 1. mgr. kemur: 7 millj. kr.
b. 3. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað „550.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 1.300.000 kr.
b. Í stað „100.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 240.000 kr.
c. Í stað „550.000 kr.“ í 3. mgr. kemur: 1.300.000 kr.
d. Í stað „100.000 kr.“ í 3. mgr. kemur: 240.000 kr.
e. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórnmálasamtökum, sem ekki uppfylla skilyrði til að fá framlag frá hinu opinbera á grundvelli 3.–5. gr., er heimilt að taka á móti framlögum sem nema allt að tvöföldum hámarksframlögum sem tilgreind eru í 1.–3. mgr.

II. KAFLI
Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

3. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Styrkir til stjórnmálasamtaka að lágmarki samtals 10 þús. kr. og allt að hámarki 700 þús. kr. á almanaksári. Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að þau stjórnmálasamtök sem veita viðtöku styrkjum til starfsemi sinnar séu skráð í stjórnmálasamtakaskrá skv. 2. gr. e laga um starfsemi stjórnmálasamtaka, nr. 162/2006.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur áður verið flutt, síðast á 157. löggjafarþingi (8. mál). Frumvarpið er nú endurflutt óbreytt.

Lög um starfsemi stjórnmálasamtaka voru samþykkt árið 2006. Með lögunum var fjár-

mögnun stjórnmálaflokka takmörkuð verulega en í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 162/2006 kom fram að samhliða þessari breytingu væri brýnt að hækka verulega framlag úr ríkissjóði til stjórnmálastarfsemi. Það hefur sannarlega gengið eftir, en opinber framlög til stjórnmálaflokka hafa margfaldast frá setningu laganna og eru nú helsta tekjulind þeirra. Þessi fjárframlög koma til viðbótar við framlög til stjórnmálaflokka í formi aðstoðarmanna og starfsmanna þingflokka samkvæmt ákvörðun á fjárlögum. Líkt og frumvarpinu var ætlað breytti það því starfsumgjörð stjórnmálaflokka hérlendis „veruleg[a]“ en með síhækkandi opinberum framlögum samhliða takmörkun á tekjuöflun stjórnmálaflokka, hafa flokkarnir í raun verið gerðir að ríkisstofnunum.

Á eftirfarandi mynd má líta þróun ríkisútgjalda til stjórnmálaflokka á verðlagi hvers árs á árunum 2013–2024. Fram til ársins 2019 voru framlögin á bilinu 262–289,9 millj. kr., en frá og með árinu 2019 hafa árleg framlög verið á bilinu 648–728,2 millj. kr.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum laga nr. 162/2006, um starfsemi stjórnmálasamtaka, sem varða framlög til stjórnmálastarfsemi. Breytingarnar lúta að því að lækka lítillega styrki hins opinbera til stjórnmálaflokka og miða að því að auka sjálfstæði þeirra og óháði gagnvart hinu opinbera. Samhliða þessari breytingu er brýnt að auka möguleika stjórnmálaflokka á sjálfstæðri tekjuöflun og eru því lagðar til breytingar sem miða að því. Eftir sem áður verður stjórnmálaflokkum þó þröngur stakkur sniðinn við móttöku framlaga og framlög frá óþekktum gefendum verða áfram óheimil. Þá verður áfram skylt að veita upplýsingar um öll fjárframlög til stjórnmálaflokka.

Lagt er til að stjórnmálasamtök, sem ekki uppfylla skilyrði laganna um framlög úr ríkissjóði, hafi rýmri heimildir til sjálfstæðrar tekjuöflunar. Rökin að baki þessu eru þau að þar sem slík samtök þiggja ekki framlög frá hinu opinbera, auk þess sem þau fara ekki með formlegt vald, sé ekki ástæða til þess að setja sjálfstæðri tekjuöflun þeirra eins miklar skorður og ella. Því er lagt til að þeim stjórnmálasamtökum sem ekki eiga rétt á framlagi frá hinu opinbera samkvæmt lögunum sé heimilt að taka við tvöfalt hærri framlögum frá einstaklingum og lögaðilum skv. 1.–3. mgr. 7. gr. laganna heldur en þau stjórnmálasamtök sem njóta fjárhagslegs stuðnings hins opinbera.

Lagt er til að fjárhæðir í 3. gr. laganna verði lækkaðar um helming miðað við núvirðingu fjárhæða laganna og að ákvæði um fjárstyrk úr ríkissjóði vegna kosningabaráttu falli brott.

Þá er lagt til að fjárhæðir í 7. gr. laganna verði tvöfaldar miðað við núvirðingu fjárhæða laganna.

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að heimilt verði að draga frá allt að 700 þús. kr. á almanaksári, sbr. 30. gr. tekjuskattslaga, nr. 90/2003. Fyrirmyndin er sótt til þess fjármögnunarumhverfis sem almannaheillafélög búa við. Sú heimild sem hefur verið í lögum um tekjuskatt frá árinu 2021 hefur skapað hvata hjá einstaklingum og lögaðilum til þess að styrkja slíka starfsemi. Þannig nutu 118.560 einstaklingar skattfrádráttar vegna framlaga til almannaheilla á árunum 2021 og 2022. Árið 2021 voru það 21.763 einstaklingar og námu framlög þeirra til almannaheilla 446,5 millj. kr. samkvæmt upplýsingum frá Skattinum. Árið 2022, sem var fyrsta heila almanaksárið eftir að lögin voru sett, voru frádráttarbær framlög einstaklinga 4.824,4 millj. kr. og voru 96.797 einstaklingar á bak við framlögin. Ekki liggja fyrir upplýsingar um frádráttarbær framlög einstaklinga til almannaheillafélaga fyrir árið 2023.

Það er eindregið mat flutningsmanna að sú þróun sem hefur orðið hér á landi vegna hárra framlaga hins opinbera til stjórnmálaflokka dragi úr stjórnmálastarfi flokka og tengslum þeirra við flokksmenn sína og við atvinnulífið, enda þurfa flokkarnir sífellt minna á þeim að halda í öruggum faðmi hins opinbera. Grundvöllur þess að stjórnmálaflokkar séu hornsteinn lýðræðis í landinu er sá að þar fari fram virk starfsemi og þjóðmálaumræða, en ríkiskostunin hefur dregið úr hvata flokkanna til að sinna því hlutverki. Það er öfugþróun enda eru stjórnmálaflokkar einungis skipulögð lýðræðisleg samtök fólksins sem þá myndar. Í framkvæmd hefur fjárstyrkur hins opinbera því hamlað starfsemi og sjálfstæði stjórnmálaflokka sem gengur þvert á upphaflegt markmið með setningu laganna. Þá hefur fjáraustur hins opinbera til stjórnmálaflokka síst dregið úr umfangsmikilli kosningabaráttu, eins og vonast var til með setningu laganna, og er miklum fjármunum skattgreiðenda varið í auglýsingaherferðir stjórnmálaflokka.